

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2008

frá 5. desember 2008

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 119/2008 frá 7. nóvember 2008 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/217/EB frá 20. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfi „grunnvirkis“ samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/231/EB frá 1. febrúar 2008 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar rekstrarundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem var samþykkt skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 96/48/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB frá 30. maí 2002 ⁽³⁾.
- 4) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2008/217/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/732/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 5) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar 2008/231/EB fellur úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

XIII. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Liður 37ac (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/732/EB) hljóðir svo:

„**32008 D 0217**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/217/EB frá 20. desember 2007 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar undirkerfi „grunnvirkis“ samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 77, 19.3.2008, bls. 1).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 339, 18.12.2008, bls. 110, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 79, 18.12.2008, bls. 19.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 77, 19.3.2008, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 84, 26.3.2008, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 245, 12.9.2002, bls. 143.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 245, 12.9.2002, bls. 370.

2. Liður 37ae (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB) hljóðir svo:

„**32008 D 0231**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/231/EB frá 1. febrúar 2008 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar rekstrarundirkerfi samevrópska háhraðajárnbrautakerfisins sem var samþykkt skv. 1. mgr. 6. gr. tilskipunar ráðsins 96/48/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/734/EB frá 30. maí 2002 (Stjtið. ESB L 84, 26.3.2008, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2008/217/EB og 2008/231/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. desember 2008 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 5. desember 2008.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nikulás prins af Liechtenstein

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.